



## Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

32. fundur atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldin á kaffistofu sveitarfélagsins, mánudaginn 18. apríl 2016 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

*Ása Valdís Árnadóttir, formaður*

*Hildur Magnúsdóttir*

*Karl Þorkelsson*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Hildur Magnúsdóttir.

#### 1. Sveitamarkaður.

*Ekki er næg þáttaka til að það sé forsenda að vera með sveitamarkað á Borg í sumar. Tölvupóstar verða sendir út á næstu dögum til þeirra sem voru búnir að lýsa áhuga að taka þátt.*

#### 2. Borg í sveit.

*Tekið var saman hverjir hafa bæst við hópinn frá því síðasti fundur var haldin. Búið er að stofna á fésbókinni viðburðinn „Borg í sveit“. Markmiðið með síðunni er að vekja athygli á viðburðinum í tíma og gefa þeim sem ætla að vera með okkur tækifæri til að auglýsa sig.*

*Komnar eru nokkrar hugmyndir með skemmtikrafta sem okkur langar að vera með um kvöldið á Borg. Farið verður í það á næstu dögum að athuga með verð og hvort menn séu lausir. Verkefnalistinn með tímaplaninu var endurskoðaður og m.a tekið tillit til breyttrar þjónustu hjá Landpóstinum með útsendingu á gögnum. Staðfest er að starfsmaður frá sveitarfélaginu mun vera okkur innan handa á viðburðinum Borg í sveit líkt og var í fyrra.*

#### 3. Önnur mál.

*Sveitarfélagið hefur gefið leyfi fyrir því að ljósmyndasýningin hangi áfram uppi í Íþróttamiðstöðinni á Borg.*

*Kynningarbæklingur er settur í bið fram á haustið.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:45.